

LÖG

um heimild til handa ráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að fjármagna uppbyggingu innviða vegna atvinnustarfsemi í landi Bakka í Norðurþingi.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Vegna fyrirhugaðrar stofnunar og reksturs atvinnustarfsemi á iðnaðarsvæði í landi Bakka í Norðurþingi, þar sem gert er ráð fyrir verulegri fjárfestingu sem hafi jákvæð þjóðhagsleg, samfélagsleg og efnahagsleg áhrif á Húsavík og nágrenni þess, er ráðherra, f.h. ríkissjóðs, heimilt, að fengnum heimildum í fjárlögum, og í þeim tilgangi að byggja upp nauðsynlega innviði vegna iðnaðarsvæðisins, að semja við:

- a. Vegagerðina um gerð vegtengingar milli Húsavíkurhafnar og iðnaðarsvæðisins á Bakka sem kostar allt að 1.800 millj. kr., miðað við verðlag í lok árs 2012,
- b. hafnarsjóð Húsavíkurhafnar um víkjandi lán til hafnarframkvæmda fyrir allt að 819 millj. kr., miðað við verðlag í lok árs 2012.

Gera skal grein fyrir fjárveitingum og lánsfjárhæð hvers árs í frumvarpi til fjárlaga fyrir það ár.

Ekki er heimilt að hefja vinnu við framkvæmdir vegna uppbyggingarinnar nema tryggt sé með samningi við félag að hafin verði atvinnustarfsemi orkufreks iðnaðar í landi Bakka.

2. gr.

Heimild til gerðar samninga skv. a-lið 1. mgr. 1. gr. og til lánveitingar vegna hafnarframkvæmda skv. b-lið 1. mgr. 1. gr. skal ekki taka gildi fyrir en Eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt samþykki fyrir þeim.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi falla úr gildi 1. janúar 2015 hafi uppbygging skv. a- og b-lið 1. mgr. 1. gr. ekki hafist fyrir þann tíma.

Gjört í Reykjavík, 5. apríl 2013.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir.
(L. S.)

Markús Sigurbjörnsson.

Steingrímur J. Sigfússon.